

## ENDURRIT ÚR DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2010, þriðjudaginn 20. apríl er í dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumáli nr. 2/2010:

Fimleikafélagi Hafnarfjarðar (FH), handknattleiksdeild.  
gegn  
Haukum, handknattleiksdeild (Haukum)  
og HSÍ.

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 11. apríl 2010, og móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 11:50.

Með tölvupósti 12. apríl 2010 var Haukum send áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Varnaraðila var þá veittur frestur til að leggja fram greinargerð til 15. apríl 2010 til kl. 12:00. Varnaraðili lagði fram greinargerð 14. apríl 2010 kl. 14:00. Dómari óskaði eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn HSÍ og framkvæmdastjóra með tölvupósti 12. apríl 2010 og bárust athugasemdir HSÍ 13. apríl 2010 kl. 14:50.

Með tölvupósti hinn 14. apríl sl. var boðað til þinghalds fimmtudaginn 15. apríl kl. 12:15 á skrifstofu HSÍ. Aðilar samþykktu að breyta tímanum til kl. 11:45.

Við þinghaldið reyndi dómari sættir með málsaðilum án árangurs. Dómari ákvað að málið skyldi flutt skriflega og að ekki skyldi taka vitna- og aðiljaskýrslur fyrir dómi. Aðilum máls var veittur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Haukar og HSÍ lýstu því yfir að þeir myndu ekki leggja fram frekari athugasemdir. FH fékk frest til kl. 18:00 þann sama dag til að leggja fram athugasemdir sínar. Þær bárust í tölvupósti kl. 18:04.

Málsaðilar deila ekki um málsatvik. Í leik 2. flokks karla í undanúrslitum í Íslandsmóti í handknattleik milli Hauka og FH þann 10. apríl sl., er leikinn var í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði og hófst kl. 12:00, var leiktíminn stöðvaður þegar að 49 sek. voru eftir af leiknum til að þurrka gólfíð. Eftirlitsmaður á leiknum og tímavörður hafi veitt leikmanni Hauka heimild til að fara inn á völlinn 6 sek. of snemma eftir tveggja mínútu brottvísun. FH vakti athygli eftirlitsmanns og tímavarðar á mistökunum og var leikurinn ekki stöðvaður vegna þessa fyrr en að 9 sek. liðnum. Þá höfðu Haukar náð að skora eitt mark. Dómarar leiksins hafi eftir samráð við eftirlitsmann ákveðið að Haukar fengju enga refsingu vegna atviksins og látið leikinn halda áfram. Þá liggur fyrir að ljósaperu vantaði í leikkluukkuna sem blasti við varamannabekkjum, eftirlitsmanni, tímaverði og ritara og hafði FH vakið athygli eftirlitsmanns á þessu fljótlega eftir að leikur hófst.

## **Dómkröfur kæranda:**

Krafa kæranda er að úrslit leiks Hauka og FH í 2. flokki í undanúrslitum Íslandsmóts 2. flokks karla þann 10. apríl sl. verði dæmd ógild og leikurinn leikinn að nýju.

## **Málavaxtalýsing og málsástæður kæranda:**

Í greinargerð og athugasemdum FH rökstyður FH kröfu sína með vísan til 8. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn sem samþykkt var af stjórn HSÍ 8. apríl 2009. Þá vísar FH til reglu 18:1, 18:2 og 4:2 og 4:3 í leikreglum HSÍ (frá 2005). Ennfremur vísar FH til 18. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót sem samþykkt var af stjórn HSÍ 10. september 2009. Þá vísar FH almennt til laga HSÍ, viðeigandi reglugerða og leikreglna HSÍ máli sínu til stuðnings.

FH rökstyður mál sitt með vísan til þess að eftirlitsmaður leiksins og tímavörður hafi farið langt út fyrir valdsvið sitt þegar að þeir tóku ákvörðun um að leyfa leikmanni Hauka að fara inn á völlinn áður en refsítíma hans hafi lokið. Haukar hafi skorað sigurmark leiksins skömmu síðar. Tímavörður hafi í engu tekið tillit til athugasemda FH um að leikmaðurinn hafi farið of snemma inn á, sem komu þó strax fram við tímavarðarborðið þegar leikurinn hófst að nýju. Leikurinn hafi ekki verið stöðvaður fyrr en 9 sek. hafi liðið og þá fyrst hafi dómurum verið tilkynnt um málið. Tímavörður hefði átt að stöðva leikinn strax og athugasemdin var gerð. Leiðréttta hefði átt stöðu leikmanna, þ.e. að vísa leikmanninum sem fór of snemma inn á út af í tvær mínútur og fækka um einn leikmann í þær 6. sek. sem eftir voru af brottvísuninni. Þá hefðu Haukar átt að missa boltann. Þá kemur fram að FH telur að það sé á ábyrgð Hauka, þ.e. hins „ábyrga liðsfulltrúa“ liðsins, að sjá til þess að leikmaður þeirra fari ekki inn á leikvöllinn áður en að refsítími hans sé liðinn, sbr. leikreglur HSÍ 4:3 og því bar að refsa liðinu. Dómarar og eftirlitsmaður ákváðu hins vegar að aðhafast ekkert í málinu þrátt fyrir að ljóst var að leikmaður Hauka hafði eingöngu afplánað 1:54 mínútu af tveggja mínútu brottvísun sinni. Augljóst sé að Haukar hafi hagnað af því að vera of margir inn á vellinum og það sé ekki rétt að engu hafi skipt um gang leiksins þó leikmaður þeirra hafi komið of snemma inn á völlinn, sem dæmi þá þurfi að dekkja þann leikmann sem leiðir til þess að færri leikmenn geti verið í varnarvegg.

Þá rökstyður FH mál sitt með vísan til þess að framkvæmd leiksins af hálfu framkvæmdaraðila, þ.e. Hauka, hafi verið verulega ábótavant. Það hafi vantað peru í leikklukku sem hafi haft afdrifarík áhrif á gang leiksins. Eftirlitsmanni hafi verið bent á þetta strax í upphafi leiks og hann hafi lýst því yfir að hann skyldi gæta þess enginn misskilningur yrði vegna þessa. Vakin er athygli á ákvæðum 18:2 í leikreglum HSÍ, sérstaklega að tímavörður skuli sýna með spjaldi á tímavarðarborðinu hvenær brottvísun sé lokið og númer þess leikmanns sem sé í refingu. Tímavörður hafi sýnt af sér vítaverð og afdrifarík mistök og beri hann aðalábyrgð á brottvísunartíma leikmanna, sbr. leikreglur HSÍ 18:1. Að sjálfsgöðu sé ómögulegt að segja til um hvernig leikurinn hefði þróast. Það sem skipti máli sé að framkvæmdaraðili og eftirlitsmaður leiksins brugðust hlutverkum sínum illilega. Það sé hvorki hlutverk tímavarðar né eftirlitsmanns að segja hvenær leikmaður megi fara inn á. Þá er á það bent að tímavörður minni ekki leikmenn á að fara inn á, gleymist það í hita leiksins. Dómarar leiksins hafi verið settir í ómögulegar aðstæður vegna þess að eftirlitsmaður HSÍ hafi farið langt út fyrir valdsvið sitt og starfsmenn á ritaraborði hafi gert alvarleg mistök sem hafi haft afgerandi áhrif á framvindu leiksins. Kæran byggist því ekki á dómaramistökum og því eigi 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn ekki við, þar sem tímavörður og eftirlitsmaður séu starfsmenn leiksins utan vallar.

Þá er gagnrýni HSÍ á að kærinni sé beint til HSÍ alfarið vísað á bug þar sem að kærann byggist ekki hvað síst á því að það er starfsmaður sambandsins, hvers þjónustu sé greitt fyrir, sem fari illa með það vald sem honum sé gefið með þessum afleiðingum.

Þá er í kæru og athugasemdum FH fjallað nokkuð um 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn. Þar segir að fagmennska við framkvæmd leikja sé eitt mikilvægasta atriði sem HSÍ geti lagt áherslu á. Hingað til hafi dómstóllinn vísað frá málum sem tengist þessu atriði ýmist sökum formgalla eða þess að tilvikin séu rakin til dómaramistaka og því sé hægt að hafna þeim á grundvelli 15. gr. Með þessu sé handknattleikshreyfingin komin á hættulega braut, sem feli í sér mikinn skort á sjálfs gagnrýni og auðmýkt og þessu þurfi að breyta.

Í lok athugasemda sinna krefst FH svara við þremur spurningum: „Af hverju er ekki skipaður hlutlaus aðili til að hafa umsjón með svo mikilvægum leik? Af hverju fær handknattleiksdeild FH aðeins örfáar klukkustundir til að svara greinargerðum kærðu, þegar þeir hafa fengið marga daga til að undirbúa sinn málflutning með kærana til hliðsjónar? Af hverju er (sign) streitist HSÍ svo við að líta í eigin barm, þegar kemur að svo alvarlegum mistökum, og felur sig umsvifalaust á bak við fyrrnefnda 15. grein?“

#### **Dómkröfur kærða:**

Haukar gera þær dómkröfur að kröfum kæranda verði hafnað.

#### **Málavaxtalýsing og málsástæður kærða:**

Haukar gera athugasemdir við málavaxtalýsingu FH á þann veg að innkoma umrædds leikmanns hafi ekki haft nein áhrif á framgang leiksins. Það hafi verið fyrst eftir að leikmaðurinn hafi skorað sem starfsmaður FH hafi gert athugasemdir við framkvæmd leiksins. Haukar geti líka gert athugasemdir við ýmis mistök dómara leiksins. Mistök dómara sé hins vegar hluti leiksins. Þá kveða þeir að framkvæmd leiksins hafi verið til fyrirmyndar. Gera megi athugasemd við að framkvæmdaraðili hafi ekki beðið eiganda íþróttahússins að gera við leikklukkuna. Það hafi hins vegar engum dottið í hug að láta leikinn ekki fara fram vegna þess að ljósaperu hafi vantað í leikklukkuna.

Varnaraðili byggir mál sitt á lögum og reglugerðum HSÍ, dómafordæmun og öðrum lögum íþróttahreyfingarinnar eftir því sem við á, eins og segir í greinargerð varnaraðila.

Haukar benda á að dómstóll HSÍ hafi réttilega lagt þá línu að ekki sé unnt að endurskoða dómgæslu og framkvæmd leikja. Það sé óhjákvæmilegt að dómara geri mistök við dómgæslu og það sé einfaldlega hluti leiksins. Þau mistök eftirlitsdómara (sign) að senda leikmann Hauka of fljótt inn á völlinn sé hluti af leiknum. Það hafi verið rétt ákvörðun dómara að refska ekki Haukum með brottrekstri. Jafnvel þótt að niðurstaðan verði að ákvörðun dómara hafi verið röng þá sé hún hluti af leiknum og verði sem slík ekki endurskoðuð af dómstól HSÍ. Það sé fráleit niðurstaða að í þeim tilvikum þegar unnt sé að sanna að dómara hafi tekið ranga ákvörðun þá skuli leikið að nýju. Um sé að ræða tvö aðskilin mál, annars vegar þá staðreynd að leikmaður kom of snemma inn á völlinn og hins vegar ákvörðun dómara um hvernig eigi að bregðast við þeim mistökum. Það sem sé til skoðunar í málinu sé einungis ákvörðun dómara um að refska ekki Haukum fyrir umrædd mistök. Þá er vísað til dóms dómstóls HSÍ í málinu nr. 1/2008 og byggi varnaraðili á þeim röksemdum sem þar koma fram. Þá kemur fram í greinargerðinni að markmiðið sé að leikir vinnist á vellinum en ekki fyrir dómstólum.

Ef dómstóll HSÍ ætlaði að endurskoða allar ákvarðanir dómara og láta endurtaka leiki þá væri sennilega afrek ef það tækist að spila tvær umferðir á ári.

Þá telja Haukar að kærán sé algjörlega tilefnislaus og til vansa að kæra annað eins smámál, eins og segir í greinargerðinni. Þá er varpað fram spurningu um hver beri ábyrgð á kostnaði Akureyringa þar sem að þeir þurfi að fara aðra ferð suður vegna kæru þessarar.

### **Athugasemdir HSÍ:**

#### **Afstaða HSÍ:**

Stjórn HSÍ telur að hafna verði öllum kröfum kæranda og úrslit leiksins látin standa óbreytt.

#### **Málsástæður:**

HSÍ vísar til ákvæða 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn um að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki. Þá er vísað til reglna 2:7, 17:9 og 17:11 í leikreglum HSÍ.

Þá kemur fram að ákvarðanir um brottrekstur og eftirlit með öllum tíma meðan á leik stendur sé samkvæmt reglum HSÍ og leikreglum HSÍ á ábyrgð dómara leiksins. Þeim beri að fylgjast með brottvísunum, upphafi þeirra og lokum og tímalengd og hafa yfirumsjón með þessu sem og öðru sem kemur að leiknum sjálfum. Þeir hafi aðstoðamenn, ritara og tímavörð, sem aðstoði þá en samkvæmt reglum og lögum HSÍ er allt sem þessu viðkemur á ábyrgð dómara hvers leiks. Þeir geti gert mistök en þau séu þá hluti af leiknum. Atvik þessi sé í engu frábrugðin ábyrgð dómara á því að gæta þess að aðrar leikreglur séu virtar. Það sé fullljóst að í öllum þessum atriðum þá sé ákvörðun dómara endanleg og ekki kæránleg, sbr. 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn og reglu 17:11 í leikreglum HSÍ. Það sé ekki í höndum dómstóla að meta eða taka afstöðu til atvika er lúta að einstökum atvikum í leiknum. Fráleitt sé að halda því fram með vissu að meint mistök hafi ráðið úrslitum í leiknum. Þá er bent á gr. 2:7 í leikreglum HSÍ um leiktíma og möguleika dómara til breytinga á leiktíma og gr. 17:9 í leikreglunum þar sem fram kemur að dómara beri báðir ábyrgð á að fylgjast með leiktímanum og ef vafi leiki á um nákvæma tímavörslu, komist dómara að sameiginlegri niðurstöðu.

Í athugasemdunum er þess getið, vegna umfjöllunar í kærnunni um afskipti eftirlitsmanns HSÍ af umdeildri ákvörðun dómara í leiknum, að ljóst sé að eftirlitsmaður sé aðeins dómurum til aðstoðar og eftirlits í samræmi við reglur HSÍ en það séu dómara sem taki þær ákvarðanir sem þurfi í hverjum leik. Í þessu tilviki hafi dómara tekið ákvörðun að höfðu samráði við aðstoðarmenn, þ.e. tímavörð og ritara auk samráðs við eftirlitsmann HSÍ. Ákvörðun sem dómara hafi tekið verði ekki skotið til dómstóls HSÍ og mat dómara á aðstæðum þannig „endurmetið“, eins og segir í athugasemdunum. Breyting á slíkum atvikum myndi kollvarpa öllum hugmyndum um þá ímynd af leiknum sem aðilar hafi og fari eftir. Þá er vísað til þess að dómstóll HSÍ og áfrýjunardómstóll HSÍ hafi ítrekað staðfest í dómum sínum að ákvarðanir dómara í leik séu endanlegar.

Þá er því alfarið hafnað að kröfugerð í máli þessu sé beint að HSÍ enda sé gert ráð fyrir því í reglum HSÍ að kröfur séu gerðar milli félaga en þeim ekki beint að HSÍ. Aðeins sé gert ráð fyrir aðkomu HSÍ í málum dómstólsins samkvæmt 37. gr. laga um HSÍ, þar sem fram kemur að dómari geti óskað eftir skriflegum athugasemdum frá stjórn og framkvæmdastjóra HSÍ í

þeim málum sem berast dómstólnum líkt og gert er í þessu máli. Því sé gert ráð fyrir því að mál, sem berist dómnum sé aðeins beint að tilteknum félögum vegna tiltekinnna atvika og verði því að vísa málinu frá dómstólnum hvað varðar HSÍ.

### **Niðurstaða dómsins:**

HSÍ gerir þá kröfu að kæru FH gegn HSÍ verði vísað frá dómi á grundvelli þess að eingöngu sé gert ráð fyrir því í reglum HSÍ að kröfur séu gerðar milli félaga en þeim sé ekki beint að HSÍ. Aðeins sé gert ráð fyrir aðkomu HSÍ í málum dómstólsins samkvæmt 37. gr. laga um HSÍ.

Það er mat dómsins að aðilar geti almennt beint kröfum sínum gegn HSÍ í þeim tilvikum er þeir telja að HSÍ hafi brotið gegn lögum HSÍ, reglugerðum og leikreglum HSÍ. Í þessu tilviki sem hér um ræðir beinist dómkrafa FH eingöngu að Haukum og því var það mat dómsins að óska í þetta skipti eftir athugasemdum dómsins með vísan til 37. gr. laga HSÍ, þar sem eftirlitsmaður HSÍ virtist gerandi í málinu. Athugasemdir HSÍ virðast hins vegar vera greinargerð varnaraðila í máli, þótt HSÍ krefjist þess að kærinni sé vísað frá hvað HSÍ varðar. FH mótmælti frávisunarkröfu HSÍ.

Dómkröfur FH beinast eingöngu að Haukum og er því fallist á að vísa málinu frá gagnvart HSÍ.

Málsatvik í málinu liggja ljós fyrir en aðilar máls deila um það hvort aðkoma tímavardar og eftirlitsmanns að málinu falli undir úrskurð dómara á leikvelli eða sé sjálfstæð ákvörðun starfsmanna utan vallar. Þá er deilt um framkvæmd leiksins þar sem ljósaperu vantaði í leikklukku.

Samkvæmt 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn er ekki hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki. Samkvæmt 1. og 2. mgr. gr. 17:11 í leikreglum HSÍ eru ákvarðanir dómara byggðar á staðreyndum eða mati þeirra endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem eru ekki í samræmi við leikreglurnar.

Fallist er á það með FH að það sé hinn „ábyrgi liðsfulltrúi“ hvers liðs sem sé ábyrgur fyrir því hvenær leikmaður fari inn á völlinn, sbr. 4. mgr. 4:3 í leikreglum HSÍ. Telja verði að leikmaður sem ekki hafi lokið brottvísun sé ekki með leikheimild í þann tíma sem að brottvísunin eigi sér stað. Breyti þar engu um, eins og málum er háttað í þessu tilviki, að aðstoðarmenn dómara og eftirlitsmaður hafi komið að málinu. Ábyrgðin er hins „ábyrga liðsstjóra“, enda verður að telja óeðlilegt að dómara, tímavörður og eftirlitsmaður eigi að annast innáskiptingar fyrir lið við þessar aðstæður. Með aðkomu sinni að atviki þessu hafi eftirlitsmaður farið út fyrir verksvið sitt sem eftirlitsmaður eins og það er skilgreint í 8. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn. Fallist er það með FH að dómara leiksins hafi gert mistök við ákvörðun um framhald leiksins.

Samkvæmt gr. 17:1 í leikreglum HSÍ skulu tveir dómara dæma hvern leik. Þeim til aðstoðar eru tímavörður og ritari. Í 1. mgr. 18:1 í leikreglum HSÍ kemur fram að sú meginregla gildi að tímavörður beri aðalábyrgð á leiktíma, leikhléum og brottvísunartíma leikmanna. Það er mat

dómsins að ekki sé unnt að skýra reglu 18:1 nema með vísan til reglu 17:1 enda er regla 18 um skiptingu verkefna milli tímavarðar og ritara, sem báðir eru aðstoðamenn dómara en ekki sjálfstæðir ákvörðunaraðilar í leiknum.

Samkvæmt 2. mgr. gr. 17:8 í leikreglum HSÍ skrá báðir dómara einnig áminningar, brottvísanir, útilokanir og brottvikningar. Samkvæmt 1. mgr. 17:9 í leikreglunum bera dómara ábyrgð á að fylgjast með leiktímanum.

Það er mat dómsins að þótt aðkoma eftirlitsmanns og tímavarðar að umræddum atvikum í leiknum hafi verið með þeim hætti sem að framan greinir og þeir hafi ekki gætt að sér í hita leiksins, breyti það ekki því að það eru dómara leiksins sem endanlega úrskurða á leikvelli. Ekki sé hægt að skilja á milli dómara og tímavarðar, þannig að líta megi þannig á að mistök tímavarðar geti valdið því að úrslit leiks verði ógildanleg. Sama gildi er varði eftirlitsmanninn á leiknum. Mistök af þessu tagi eru hluti leiksins og á ábyrgð dómara.

Aldrei er hægt að komast hjá mannlegum mistökum í leikjum, og ekki er hægt að flokka mistök sérstaklega eftir tegund eða eðli, þannig að ein tegund mistaka geti valdið því að úrslit leiks geti verið ógildanleg, frekar en önnur mistök sem dómara gera. Ákvörðun dómara í hverjum leik eru endanleg og ekki kæránleg. Mistök dómara geta að sjálfsögðu haft áhrif á þróun leikja, á hvaða tíma leiks sem er. Mistök dómara, eftirlitsmanna, sem og leikmanna og annarra sem að leik koma eru hluti leiksins, og hafa því öll atvik leiks áhrif á þróun og úrslit leikja.

Það er því mat dómsins að hafna beri kröfu FH um að úrslit leiks Hauka og FH í 2. flokki í undanúrslitum Íslandsmóts 2. flokks karla þann 10. apríl sl. verði dæmd ógild og leikurinn leikinn að nýju vegna aðkomu tímavarðar og eftirlitsmanns að leiknum með vísan til 15. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og eftirlitsmenn.

Ljóst er að bilun í leikklokku á leikstað hafði áhrif í umræddum leik. Framkvæmd leiksins var í höndum Hauka og bar þeim að sjá til þess að leikklokkan væri í lagi. Samkvæmt 18. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót skal eftirlitsmaður tryggja það að leikur fari fram á íþróttamannlegan hátt og eftir settum reglum og grípa inn í ef um atriði er að ræða, sem geta haft í för með sér kæru. Eftirlitsmaður skal fylgjast með framkvæmd leiks og vekja athygli dómara á því, ef eitthvað er ekki í samræmi við reglur. Sjái eftirlitsmaður eitthvað athugasemdvært við framkvæmd leiks skal hann skila þar til gerðri skýrslu um það til mótanefndar. Eftirlitsmanni bar því að vekja athygli dómara á bilun í leikklokku og hefði átt að tryggja það að slíkt hefði ekki áhrif á leikinn. Það er mat dómsins að þrátt fyrir mistök framkvæmdaraðila og eftirlitsmanns, breyti það ekki ábyrgð dómara leiksins á leiknum á leikvelli og líta beri til þess að eftirlitsmaður er ekki sjálfstæður ákvörðunaraðili.

Það er því mat dómsins að að hafna beri kröfu FH um að úrslit leiks Hauka og FH í 2. flokki í undanúrslitum Íslandsmóts 2. flokks karla þann 10. apríl sl. verði dæmd ógild og leikurinn leikinn að nýju vegna bilunar í leikklokku.

Ljóst er að mistök áttu sér stað í umræddum leik. Krafa FH er eingöngu um að úrslit leiksins verði dæmd ógild og leikurinn leikinn að nýju. Dómurinn getur því ekki beitt öðrum þeim viðurlögum sem tilgreind eru í 45. gr. laga HSÍ.

Dómurinn vekur athygli á því að í greinargerðum og athugasemdum málsaðila er vísað almennt í lög HSÍ, viðeigandi reglugerðir og leikreglur, dómaframfordæmi og önnur lög

Íþróttahreyfingarinnar að því er virðist eftir því sem við á. Samkvæmt 36. gr. laga HSÍ skal samkvæmt 6. tl. koma fram í kæru tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga. Almenn tilvísun í lög og reglur uppfyllir ekki þetta lagaskilyrði.

Í greinargerðum og athugasemdum aðila er fjallað um málefni sem falla ekki undir dómstólinn og er því ekki tekin afstaða til þeirra. Gildir þetta einnig um tvær af spurningum þeim sem fram koma í athugasemdum FH. Dómurinn sér ekki ástæður þess að slíkar umræður komi fram í greinargerðum er lagðar eru fram fyrir dómi.

Hvað varðar mótmæli FH við ákvörðun dómara um skamman frest þeim til handa til framlagningar skriflegra athugasemda skal þess getið að FH mótmælti ekki tillögum dómara um frest í þinghaldinu þann 18. apríl sl. og því ákvað dómari umræddan frest. Þess skal getið að gert er ráð fyrir í 37. gr. laga um HSÍ að dómari veiti skamman frest til framlagningar athugasemda við skriflegan máflutning.

### **DÓMSORÐ:**

Kröfu FH um að úrslit leiks Hauka og FH í 2. flokki í undanúrslitum Íslandsmóts 2. flokks karla þann 10. apríl sl. verði dæmd ógild og leikurinn leikinn að nýju er hafnað.

---

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður (sign)

Rétt endurrit staðfestir:

Reykjavík 20. apríl 2010